

FÉLAGSDÓMUR

Úrskurður fimmtudaginn 29. apríl 2021.

Mál nr. 21/2020:

Alþýðusamband Íslands,
fyrir hönd Flugfreyjufélags Íslands
(*Haukur Örn Birgisson lögmaður*)

gegn

Samtökum atvinnulífsins,
fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar,
vegna Icelandair ehf.
(*Sólveig B. Gunnarsdóttir lögmaður*)

Úrskurður Félagsdóms

Mál þetta var tekið til úrskurðar 9. mars síðastliðinn um frávísunarkröfu stefnda.

Málið úrskurða Arnfríður Einarsdóttir, Kolbrún Benediktsdóttir, Ragnheiður Harðardóttir, Karl Ó. Karlsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1 í Reykjavík, fyrir hönd Flugfreyjufélags Íslands, Hlíðarsmára 15 í Kópavogi.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar, Borgartúni 35 í Reykjavík, vegna Icelandair ehf., Reykjavíkurflugvelli í Reykjavík

Dómkröfur stefnanda

- 1 Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefnda hafi verið óheimilt að segja upp tímabundnum ráðningarsamningum við flugfreyjur og flugþjóna 27. apríl 2020, sem giltu ýmist til 31. ágúst 2020 eða 30. september 2020, án greiðslu launa eða bóta.
- 2 Þá krefst stefnandi málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda

- 3 Stefndi gerir aðallega þá kröfu að máli þessu verði vísað frá dómi en til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
- 4 Stefndi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir

- 5 Á vormánuðum 2020 voru 120 flugfreyjur og flugþjónar ráðin tímabundið til flugfélagsins Icelandair ehf. til sumarstarfa. Gerðir voru skriflegir, tímabundnir ráðningarsamningar sem giltu ýmist til 31. ágúst eða 30. september 2020. Allir starfsmennirnir voru félagsmenn í stefnanda. Undirrituðu þau ráðningarsamninga með rafrænum hætti í ráðningar- og mannauðskerfi stefnda, Icelandair ehf.

- 6 Vegna heimsfaraldurs Covid-19 á fyrstu mánuðum ársins 2020 og aðgerða stjórnvalda til að hefta útbreiðslu faraldursins dróst rekstur stefnda verulega saman. Í lok aprílmánaðar greip stefndi til hópuppsagnar þegar félagið sagði 897 flugfreyjum og flugþjónum upp störfum frá og með 1. maí 2020 með tilkynningu um starfslok 27. apríl sama ár. Í byrjun júní mánaðar tilkynnti stefndi síðan á innraneti félagsins að ekki yrði óskað eftir vinnuframlagi starfsmanna með tímabundna ráðningu eftir lok júlímánaðar. Þá voru áhafnaskrár ekki gefnar út til þeirra starfsmanna vegna ágúst mánaðar.
- 7 Vegna breyttra aðstæðna og tilslakana á ferðatakmörkunum víða um heim leit út fyrir að áhafnaþörf stefnda myndi aukast töluvert í ágúst og september 2020. Með tölvupósti 27. júlí 2020 sendi stefndi tilkynningu til sumarstarfsmanna og óskaði eftir vinnuframlagi frá 1. næsta mánaðar í samræmi við tímabundna ráðningarsamninga. Starfsmennirnir voru beðnir um að staðfesta hvort þeir myndu starfa út ráðningartímabilið eða kysu að ljúka því fyrr.
- 8 Flestir starfsmannanna brugðust við þessu erindi með því að hverfa aftur til starfa. Átta starfsmenn kváðust þó ekki eiga þess kost og höfnuðu frekara vinnuframlagi. Stefndi taldi þá starfsmenn hafa með því slitið ráðningarsambandinu og voru þeir felldir af launaskrá.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 9 Stefndi kveður viðurkenningarkröfu sína reista á því að stefndi hafi með háttsemi sinni brotið gegn kjarasamningsbundnum og lagalegum rétti starfsmanna sinna, auk þess sem háttsemin gangi gegn meginreglum vinnuréttar um uppsögn tímabundinna ráðningarsamninga.
- 10 Stefndi byggir á því að kjarasamningar og lög kveði á um lágmarksréttindi starfsfólks á vinnumarkaði en í því felist að ef samið sé um lakari kjör en kveðið sé á um í kjarasamningi eða lögum teljist samningar um slík kjör ekkert gildi hafa. Ekki sé hægt að semja frá sér þau lágmarksréttindi með ráðningarsamningi. Flugfreyjur og flugþjónar hjá stefnda starfi eftir kjarasamningi milli Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair ehf. hvort sem viðkomandi starfsmenn eru fastráðnir eða lausráðnir. Að mati stefnanda ætti að vera ágreiningslaust í málinu að lausráðnir starfsmenn stefnda njóti sömu réttinda og fastráðnir en sú meginregla vinnuréttar hafi verið lögfest í 4. gr. laga nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna. Í ákvæðinu segi að starfsmaður með tímabundna ráðningu skuli hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu af þeirri ástæðu einni að hann sé ráðinn tímabundið nema það sé réttlæt看legt á grundvelli hlutlægra ástæðna.
- 11 Í a-lið 1. mgr. 3. gr. laganna sé hugtakið „starfsmaður með tímabundna ráðningu“ skilgreint með eftirfarandi hætti:

Starfsmaður með ráðningarsamning við vinnuveitanda þar sem lok samningsins ákvarðast af hlutlægum ástæðum, til dæmis tiltekinni dagsetningu, lokum afmarkaðs verkefnis eða tilteknum aðstæðum.

- 12 Stefnandi byggir á því að þeir starfsmenn stefnda sem ráðnir hafi verið á vormánuðum 2020 til að gegna starfi til 31. ágúst eða 30. september, hafi verið starfsmenn með tímabundna ráðningu í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. laganna.
- 13 Vísar stefnandi til þess að um uppsagnarfrest flugfreyja og flugþjóna sé fjallað í grein 03-1 í þágildandi kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 8. júní 2016. Þar segi að uppsagnarfrestur sé 14 dagar fyrstu fjóra mánuði starfstíma starfsmanns. Þá víki ákvæðið að rýmri uppsagnarfresti þegar um lengri starfsaldur sé að ræða. Loks segi í ákvæðinu að ef „í ráðningarsamningi er ekki getið um dagsetningu starfsloka, skal undanfarandi regla gilda um uppsagnir.“ Í ákvæðinu sé þannig kveðið á um hvaða uppsagnarfrestur eigi við þegar um ótímabundna ráðningarsamninga sé að ræða.
- 14 Grein 03-1 kveði þannig berum orðum á um það að ef í ráðningarsamningi sé ekki getið um starfslok (ótímabundinn samningur) gildi ákvæðið um uppsögnina. Að öðrum kosti, það er ef getið sé um starfslok (tímabundinn samningur), gildi ákvæðið ekki og sé samningurinn því óuppsegjanlegur. Sé það jafnframt í fullu samræmi við meginreglur vinnu- og samningaréttar þegar komi að lokum tímabundinna samninga.
- 15 Stefnandi telur að kjarasamningsákvæðið verði ekki skilið öðruvísi en svo að kjarasamningur aðila taki á uppsögnum ótímabundinna og tímabundinna ráðningarsamninga. Stefndi hafi því brotið gegn umræddu ákvæði þegar hann „sagði upp“ ráðningarsamningum flugfreyja og flugþjóna, án þess að greiða starfsmönnum sínum laun út samningstímann. Með háttsemi sinni hafi stefndi því bakað sér bótaskyldu gagnvart viðkomandi starfsmönnum.
- 16 Stefnandi byggir á því að ágreiningur um beitingu eða túlkun kjarasamningsákvæða sem gilda við uppsögn starfsmanna stefnda verði borinn undir Félagsdóm, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Jafnframt bendir stefnandi á að starfsmenn með tímabundinn ráðningarsamning skuli hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð, sbr. 4. gr. laga nr. 139/2003. Sé því engum vafa undirorpið að sakarefni málsins heyri undir Félagsdóm.
- 17 Stefnandi byggir á því að stefndi hafi stofnað til tímabundins ráðningarsambands við umrædda starfsmenn sína á vormánuðum 2020 þegar starfsmennirnir voru ýmist ráðnir til 31. ágúst eða 30. september 2020. Þetta beri gögn málsins skýrt með sér. Stefnda hafi verið óheimilt að segja upp þessum ráðningarsamningum með uppsagnarbréfum til starfsmannahópsins 27. apríl 2020. Stefndi sé bundinn af fyrirbyggjandi ráðningarsamningum og af þeim sökum hafi honum borið að greiða starfsmönnum laun út umsamin ráðningartímabil.

- 18 Stefndi hafi enga heimild haft til þess að afturkalla fyrri yfirlýsingu sína þar sem vinnuframlag starfsmannanna var afþakkað eftir lok júlímánaðar. Stefndi hafi gefið út yfirlýsingu til starfsmannanna í byrjun júní sem hafi falið í sér loforð um að ekki yrði farið fram á vinnuframlag þeirra og hafi sú yfirlýsing orðið skuldbindandi fyrir stefnda þegar hún komst til vitundar starfsmannanna. Auk þess hafi engin áhafnaskrá verið gefin út af stefnda til viðkomandi starfsmanna. Byggir stefnandi á því að stefndi geti ekki varpað ábyrgðinni yfir á starfsmenn sína með því að segja að þeir hafi slitið ráðningarsambandinu þegar þeir hafi fengið tæpan sólarhringsfrest til þess að bregðast við löglausum viðsnúningi stefnda 27. júlí 2020. Eðli málsins samkvæmt hafi starfsmenn treyst fyrri yfirlýsingu stefnda og af þeim sökum gert aðrar ráðstafanir vegna ágúst- og septembermánaðar. Ekki verði ætlast til af þeim að þeir stökkvi til með engum fyrirvara þannig að þeir fyrirgeri að öðrum kosti rétti sínum til launa út umsamið ráðningartímabil.
- 19 Stefnandi byggir á því að stefndi hafi hvorki haft heimild til þess að segja upp ráðningarsambandi við viðkomandi starfsmenn né heldur að draga yfirlýsingu sína til baka, án sérstaks samþykkis þeirra. Stefndi hafi því verið skuldbundinn til þess að greiða starfsmönnum laun út samningstímamann, hvort sem hann hugðist nýta sér vinnuframlag þeirra eða ekki.
- 20 Stefnandi bendir á að félagsmenn hans hafi enga ábyrgð getað borið á því að áhafnapörf stefnda kynni að breytast og verði þeir ekki látnir sæta skerðingu á réttindum sínum vegna einhliða ákvörðunar stefnda um að draga fyrri yfirlýsingu sína til baka. Fyrir þessari framkvæmd stefnda sé því engin lagastoð.
- 21 Þar sem fram komi í 4. gr. laga nr. 139/2003 að starfsmenn með tímabundna ráðningu skuli ekki njóta lakari starfskjara og ekki sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn með ótímabundna ráðningu sé ljóst að vinnuveitanda sé óheimilt að mismuna starfsmönnum eftir því hvort gerður var við þá tímabundinn eða ótímabundinn ráðningarsamningur. Starfsmenn, sem ráðnir hafi verið tímabundið, eigi rétt á greiðslu launa í uppsagnarfresti samkvæmt kjarasamningi eða skaðabótum sé ráðningarsamningi þeirra sagt upp. Það sé lágmarksréttur þeirra. Stefndi hafi hins vegar kosið að mismuna umræddum starfsmönnum á grundvelli þess að gerður hafi verið tímabundinn ráðningarsamningur við þá með því að neita að greiða þeim laun fyrir umsamið starfstíma.
- 22 Með a-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 139/2003 sé lögfest sú meginregla að starfslok starfsmanns með tímabundna ráðningu afmarkist af hlutlægum ástæðum eins og tiltekinni dagsetningu. Að mati stefnanda sé augljóst að slíku sé til að dreifa í málinu, enda liggi fyrir ráðningarsamningar vegna afmarkaðs ráðningartímabils, og beri stefnda því að greiða starfsmönnum sínum laun til samræmis við það ráðningartímabil.

- 23 Að framangreindu virtu sé ljóst að stefndi hafi stofnað til tímabundinna ráðningarsamninga milli félagsins og starfsmanna þess og hafi stefnda verið óheimilt að segja samningunum upp og neita að greiða umræddum starfsmönnum laun út ráðningartímabil þeirra, sérstaklega í ljósi þess að stefndi hafi sjálfur afþakkað vinnuframlag þeirra á tímabilinu. Með einhliða aðgerðum sínum hafi stefndi bakað sér bótaskyldu gagnvart umræddum félagsmönnum stefnanda, sbr. 8. gr. laga nr. 139/2003. Því beri að fallast á kröfur stefnanda í málinu.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 24 Stefndi byggir kröfu um frávísun á því að viðurkenningarkrafa stefnanda eigi ekki undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt þeirri lagagrein sé verkefni Félagsdóms að dæma í málum „sem rísa út af kærnum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.“ Í greinargerð með 25. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 80/1938 sé skýrt hvað átt sé við með vinnusamningi og vísað til þess sem á ensku nefnist „collective agreement“ eða á sænsku „kollektivavtal“. Það sé á íslensku nú nefnt kjarasamningur.
- 25 Stefndi vísar til þess að í dómkröfu stefnanda sé hvergi vikið að þeim kjarasamningsákvæðum sem deilt sé um. Í stefnu sé aðallega vísað til þess að uppsögn tímabundinna ráðningarsamninga gangi gegn meginreglum vinnuréttar um uppsagnir tímabundinna ráðningarsamninga. Þá sé vísað til laga nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna. Það falli utan lögsögu Félagsdóms að fjalla um hvort stefndi kunni að hafa gerst brotlegur við ákvæði laga nr. 139/2003, sbr. dóm Félagsdóms 21. desember 2018 í máli nr. 9/2018.
- 26 Eina tilvísun til kjarasamnings í stefnu sé til greinar 03-1 um uppsögn ótímabundinna ráðningarsamninga en þó einungis til að taka fram að ákvæðið eigi ekki við um þær aðstæður sem uppi eru í málinu. Ágreiningur aðila snúist um það hvort stefnda hafi verið heimilt að krefjast vinnuframlags starfsmanna á ráðningartíma og greiða þeim ekki laun sem höfnuðu að inna vinnuframlag af hendi. Óljóst sé því hvert sé „brot á kjarasamningi eða ágreiningur um skilning á kjarasamningi eða gildi hans“ samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.
- 27 Auk þess byggir stefndi frávísunarkröfu sína á því að viðurkenningarkrafa stefnanda sé ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til skýrleika dómkrafna samkvæmt d-lið 1. mgr. 80 gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Hvorki komi fram í dómkröfu hvaða greinar kjarasamnings sé deilt um né nánari tilgreining á þeim ágreiningi sem stefnandi haldi fram að sé milli aðila. Í stefnu komi fram að stefnandi geri viðurkenningarkröfu einungis vegna þeirra starfsmanna stefnda sem hafi neitað að skila vinnuframlagi á uppsagnarfresti þegar eftir því var leitað en engar kröfur séu gerðar vegna annarra félagsmanna. Stefndi geri kröfu um að viðurkennt sé að starfsmenn eigi rétt til bóta og vísi þar til meginreglna í vinnusambandi, án þess að sýna fram á tjón vegna umræddra ráðstafana. Krafan sé

því vanreifuð. Að mati stefnda sé í raun verið að gera kröfu um ætluð vangoldin laun sem eigi ekki undir úrlausn Félagsdóms heldur almenna dómstóla.

- 28 Sýknukrafa stefnda byggir á því að stefndi hafi uppfyllt samningsskyldur sínar gagnvart flugfreyjum og flugþjónum sem ráðin voru tímabundið. Stefndi hafi greitt þeim flugfreyjum og flugþjónum, sem hafi skilað vinnuframlagi þegar þess var krafist, laun út gildistíma ráðningarsamninga. Samkvæmt almennum reglum vinnuréttar sé greiðsla launa endurgjald fyrir vinnu. Þeir félagsmenn stefnanda sem hafi neitað að skila vinnuframlagi hafi ekki fengið laun. Ágreiningur aðila snúist ekki um gildi eða túlkun kjarasamnings heldur rétt stefnda til að hafna greiðslu launa í þeim tilvikum þegar starfsmaður neitar vinnuframlagi.
- 29 Stefndi mótmælir því að hann hafi sagt upp tímabundnum ráðningarsamningum eins og haldið sé fram í stefnu. Stefndi hafi sent tilkynningu til flugfreyja og flugþjóna vegna hópuppsagnar í lok apríl 2020. Í tilkynningu stefnda sem beri yfirskriftina „[s]tarfslok“ komi fram að flugfreyjum og flugþjónum hafi verið sagt upp með samningsbundnum uppsagnarfresti. Í ráðningarsamningum hafi komið fram lokadagur ráðningar sem í þessu tilviki hafi verið vísað til. Í lista yfir spurningar og svör um uppsagnir vegna Covid-19, sem stefndi hafi gefið út og vísað til, segi eftirfarandi:

Hversu langan uppsagnarfrest fá þeir sem eru í tímabundinni ráðningu?

Svar: Starfsmenn með tímabundinn ráðningarsamning fá greidd laun út þann tíma sem gefinn er upp í ráðningarsamningi.

- 30 Stefndi byggir á því að aldrei hafi verið fallið frá vinnuframlagi tímabundið ráðinna starfsmanna með formlegum hætti. Starfsmaður sem byggir á því að fallið hafi verið frá vinnuframlagi hans á uppsagnarfresti beri sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni. Stefndi hafi ekki lagt fram sönnun þess efnis. Stefndi hafi verið í fullum rétti til að krefjast vinnuframlags á ráðningartíma og hafna greiðslu launa væri því neitað. Það sé í samræmi við almennar reglur samningaréttar og vinnuréttar.
- 31 Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda og krafa stefnanda um „vangreidd laun“ tekin til meðferðar byggir stefndi á því að samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938 sé Félagsdómi heimilt, í tengslum við mál sem falla undir valdsvið dómsins samkvæmt 44. gr. sömu laga, að dæma skaðabætur. Ekki sé þó í stefnu byggt á þessari heimild laganna og séu kröfur stefnanda og málsástæður því vanreifaðar. Tjón, sem sé forsenda bótakröfu, sé einnig vanreifað. Ekki sé rakið í stefnu hvort félagsmenn stefnanda hafi verið atvinnulausir og í atvinnuleit þá mánuði sem krafist sé launa fyrir, hvort þeir hafi notið einhverra tekna eða bóta á tímabilinu eða hvernig þeir hafi reynt að takmarka tjón sitt að öðru leyti. Óhjákvæmilegt sé að fjalla um slíkar kröfur og varnir stefnda í bótamálum hvers og eins starfsmanns en ekki í einu almennu viðurkenningarmáli vegna ótilgreindra félagsmanna stefnanda. Krafa stefnanda sé því í andstöðu við e- og

f- liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, og beri því að vísa henni frá dómi án kröfu.

Niðurstaða

- 32 Í máli þessu krefst stefnandi þess að viðurkennt verði að stefndi, Icelandair ehf., hafi verið óheimilt að segja upp tímabundnum ráðningarsamningum við flugfreyjur og flugþjóna sem félagið hafði gert við starfsmennina á vormánuðum 2020 og gilda áttu ýmist til 31. ágúst eða 30. september það ár. Stefndi hafnar því á hinn bóginn að hafa sagt upp samningunum.
- 33 Eins og rakið hefur verið tilkynnti stefndi 27. apríl 2020 flugfreyjum og flugþjónum, sem ráðin höfðu verið tímabundið samkvæmt framangreindu, að ekki væri óskað eftir vinnuframlagi þeirra frá lokum júlímánaðar. Þann 27. júlí 2020 tilkynnti stefndi starfsmönnum að óskað væri eftir vinnuframlagi þeirra frá 1. ágúst til loka ráðningarsambands samkvæmt hinum tímabundnu samningum. Ágreiningur aðila lýtur aftur á móti að því, hvort heimilt hafi verið að fella niður launagreiðslur til þeirra starfsmanna sem ekki urðu við því að hverfa til starfa hjá félaginu í samræmi við framangreint.
- 34 Ákvæði um lögsögu Félagsdóms eru í 44. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. þeirrar lagagreinar er það verkefni Félagsdóms að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot gegn kjarasamningi eða út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.
- 35 Samkvæmt kröfugerð stefnanda í stefnu er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að stefnda hafi verið óheimilt að segja upp tímabundnum ráðningarsamningum við flugfreyjur og flugþjóna 27. apríl 2020, sem gilt hafi ýmist til 31. ágúst 2020 eða 30. september sama ár, án greiðslu launa eða bóta, svo sem greinir hér að framan. Ekki er í kröfugerðinni vísað til þess ákvæðis kjarasamningsins sem stefnandi telur að þessu leyti vera ágreining um milli aðila. Í stefnu er rakið efni greinar 03-1 í kjarasamningnum og tekið fram að ákvæði greinarinnar gildi um þau tilvik þegar um ótímabundna ráðningarsamninga sé að ræða en eigi ekki við þegar þar sé getið um starfslok. Segir í stefnu að mikilvægt sé að fá úr því skorið, hvort stefndi hafi heimild til þess að slíta einhliða tímabundnum ráðningarsamböndum, án þess að greiða starfsfólki sínu bætur eða laun út samningstímann. Af hálfu stefnanda er jafnframt vísað um kjör lausráðins starfsfólks til ákvæða laga nr. 139/2003, meðal annars 4. gr. laganna þar sem fram komi að starfsmaður með tímabundna ráðningu skuli hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu af þeirri ástæðu einni að hann sé ráðinn tímabundið nema það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Í greinargerð stefnda er því á hinn bóginn lýst að með tilkynningu 27. apríl 2020 um starfslok hafi einungis verið um það að ræða að flugfreyjum og flugþjónum hafi verið sagt upp með samningsbundnum uppsagnarfresti og því hafi þeim flugfreyjum og flugþjónum, sem

innt hafi af hendi vinnuframlag þegar þess var krafist, verið greidd laun út gildistíma ráðningarsamninga en ekki þeim sem hafi neitað að skila umbeðnu vinnuframlagi.

- 36 Samkvæmt máltilbúnaði málsaðila lýtur ágreiningur þeirra því í raun ekki að kærur um brot gegn kjarasamningi eða ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans, heldur að því hvort vanefndir hafi orðið á ráðningarsamningum stefnda, Icelandair ehf., við flugfreyjur og flugþjóna sem ráðin voru tímabundið til starfa hjá félaginu. Það varðar hins vegar ekki ákvæði kjarasamnings aðila. Málið fellur því ekki undir dómsvald Félagsdóms, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því, þegar af þessum ástæðum, að taka til greina kröfu stefnda um frávísun málsins frá Félagsdómi.
- 37 Stefndandi greiði stefnda málskostnað eins og í úrskurðarorði greinir.
- 38 Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna anna dómsformanns. Fyrir uppkvaðningu úrskurðarins var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefndandi, Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Flugfreyjufélags Íslands, greiði stefnda, Samtökum atvinnulífsins fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Icelandair ehf., 500.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir

Kolbrún Benediktsdóttir

Ragnheiður Harðardóttir

Karl Ó. Karlsson

Valgeir Pálsson